



Borgarráð

Tillaga um aðild Reykjavíkurborgar að Rainbow Cities Network

Á fundi mannréttindaráðs dags. þann 24. apríl s.l. var svohljóðandi tillaga mannréttindaráðs samþykkt:

Mannréttindaráð leggur til að Reykjavíkurborg gerist aðili að Regnbogaborgum (e. Rainbow Cities). Tillögunni er vísað til borgarráðs ásamt greinagerð.

Greinagerð fylgdi tillögunni.

Virðingarfyllst

Anna Kristinsdóttir

Minnisblað um þátttöku Reykjavíkurborgar í Rainbow Cities Network

Rainbow Cities Network var sett á laggirnar árið 2011 og voru borgirnar Amsterdam, Barcelona, Turin og Cologne fyrstu meðlimir þess. Síðan þá hefur regnboganetið vaxið jafnt og þétt og margar borgir bæst við sem meðlimir. Í dag eru 27 borgir frá 15 löndum þátttakendur í verkefninu.

Réttindi og staða hinsegin fólks kemur sveitarstjórnnum við og þurfa þær að tryggja að nærumhverfi borgara sinna sé öruggt og laust við fordóma og mismunun. Tilgangur regnboganetsins er að auka samvinnu og samtal á milli borga sem vinna að réttindum hinsegin fólks og gegn mismunun sem það verður oft fyrir.

Borgirnar sem eru meðlimir Rainbow Cities Network skiptast á hugmyndum að verkefnum, forvörnum og nýjungum og geta þar með aukið afkastagetu sína á þessu sviði og hugað betur að hópi hinsegin fólks. Sjá frekari upplýsingar www.rainbowcities.com

Skyldur þáttökuborga.

Með þátttöku í verkefninu gerir Rainbow Cities Network kröfu um eftirfarandi þætti:

- Stefna í málum hinsegin fólks sé virk í þáttökuborg.
- Tengiliður með þekkingu á málaflokk hinsegin fólks.
- Þátttaka á póstlista. En með því geta borgir leitað upplýsinga um álitamál, fengið svör við fyrirspurnum og einfaldlega óskað eftir aðstoð, samvinnu og stuðningi.
- Þátttöku á árlegum fundi regnboganetsins þar sem hægt er að koma á sterkari samvinnu og tryggja góð samskipti á milli borga..

Kostnaður.

Ferðakostnaður tengiliðs vegna árlegs fundar leggst á þáttökuborgir. Verkefnið er ekki með þáttökugjöld enn sem komið er en rætt hefur verið um að taka upp lágmarks árgjald til að standa undir fundarhöldum á ársfundum og öðrum tilfallandi kostnaði.

Ávinningur með þátttöku.

Með þátttöku í Rainbow Cities Network er hægt að gera betur í þeim verkefnum sem þegar eru unnin sem og að ráðast í ný verkefni að fyrirmynd annarra borga.

Þar sem Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið á Íslandi með jafn skýra og framsækna stefnu er varðar hinsegin fólk (Mannréttindastefnan) er ljóst að Rainbow Cities Network gæti nýst vel til þess að styðja við það góða starf sem þegar er unnið hjá borginni. Mikilvægt er að leita út fyrir landssteinanna og horfa til þeirra sem eru lengra komnir eða með ólíka nálgun á málefni hinsegin fólks og læra af þeim.